

Skóli í Skarðshlíð**Tilefni fundar:** Verkfundur**Fundur
nr.** 30**Fundarstaður:** Í vinnubúðum verktaka á verkstað við
Hádegisskarð Hafnarfirði**Dagsetning:** 24. apríl 2019**Tími:** 14:00 - 15:00**Fundarritun:** HÁ**Mættir:**Verkís: Hilmar Ástþórsson (HÁ) hia@verkis.is 846-0011Eykt ehf.: Ívar Már Markússon (ÍMM) ivar@eykt.is 822-4449Skarðshlíðarskóli: Ægir Berg Elísson (ÆBE) aegirberg@hafnarfjordur.is
Ingibjörg Magnúsdóttir (IM) ingibjorg@skardshlidarskoli.is**Dreifing:**

Fundarmenn	
Kristján Björnsson	Verkís
Hlynur Gissurason	Eykt
Þorgeir Margeirsson	Eykt
Páll Daníel Sigurðsson	Eykt
Sigurður Haraldsson	Hafnarfjarðarbær
Stefán B. Veturliðason	VSB
Örn Guðmundsson	VSB
Ragnar Haraldsson	Verkís
Ólafur Ívar Baldvinsson	Verkís
Kjartan Mar Eiríksson	Verkís



Nr.	Málefni	Ábyrgur
1	Almennt	
	<i>Skáletraður texti er óbreytt bókun frá síðast fundi.</i>	
1.1	Síðasta fundargerð Fundargerð síðasta verkfundar er samþykkt og undirrituð. <i>Verkfundargerðir eru sendar út með tölvupósti og eru einnig settar á verkefnavef verktaka.</i>	
1.2	Umsjón verkkaupa <i>Umboðsmaður verkkaupa er Sigurður Haraldsson frá Hafnarfjarðarbæ og verkefnisstjóri verkkaupa er Stefán B, Veturliðason frá VSB verkfræðistofu.</i> <i>Eftirlit er í umsjón Verkís, umsjónarmaður er Kristján Björnsson, eftirlitsmenn við daglegt eftirlit eru: Hilmar Ástþórsson byggingavirki, Kjartan Mar Eiríksson lagnir og loftræsing, Ragnar Haraldsson og Ólafur Ívar Baldvinsson rafbúnaður.</i> Kristján Björnsson er í fríi til 3.maí.	
1.3	Umsjón verktaka <i>Staðarstjóri og byggingastjóri:</i> <i>Þorgeir Margeirsson, toggi@eykt.is s: 822-4414 (Byggingarstjóri)</i> <i>Ívar Már Markússon, ivar@eykt.is s: 822-4449 (Staðarstjóri)</i> <i>Verkstjórar:</i> <i>Hlynur Gissurarson, hlynur@eykt.is s: 822-4418</i>	
1.4	Tryggingar <i>Búið er að lækka tryggingu, eftir fyrsta áfanga (var gert 09.10.2018).</i> <i>Verktaki telur eðlilegt að trygging verðri lækkuð enn frekar, til samræmis við verkframvindu. Eftirlit mun skoða frekar í samráði við verkkaupa og upplýsa um. Rætt um að eðlilegt sé að trygging verði ekki lækkuð fyrr en eftir næstu áfangaskil. Ekki eru forsendur fyrir því að lækka tryggingu fyrr en um næstu áfangaskil.</i>	
1.5	Heilbrigði, öryggi og umhverfi <i>Öryggis- og heilbrigðisáætlun liggur fyrir og er aðgengileg eftirliti á verkstað.</i> <i>Búið er að girða vinnusvæðið af, vinnusvæðið er lokað og læst utan vinnutíma.</i>	



Við opnun skólans hafa verklagsreglur varðandi öryggi gagnvart börnum og starfsfólki skólans verið hertar.

Verktaki leggur áfram áherslu á að ekki sé unnið í húsbyggingu C nema eftir klukkan 14:00 á virkum dögum. Þegar unnið er í húsbyggingu C er gengið út frá því að vinna þar sé afskermð.

Mikilvægt að eftirfylgni/eftirlit sé áfram með vinnugirðingum og tryggt að umferð inn á vinnusvæði sé ekki greiðfær. Búið er að færa girðingu upp á malbik.

Í samráði við ráðgjafa/hönnuði er verktaki að skoða mögulegar útfærslur/úrbætur í grennd við reiðhjólastanda, í framhaldi af ábendingu sem barst þar um. Reiðhjólastandar eru lágir og slysaætla getur hlotist af skyldu þeir t.a.m snjó á kaf. Er í ferli hjá verktaka.

Um daginn gerði vont veður og mikinn vind, klæðningaplötur og annað lauslegt byggingarefni á lóð fuku til, slysaætla skapaðist. Ekki urðu slys á fólki en skemmdir urðu á uppsettri utanhússklæðningu að einhverju leyti. Verktaki kemur til með að lagfæra þær skemmdir sem hlutust af vegna þessa. Brýnt er fyrir verktaka að byggingarefni sé vel skorðað af á byggingarsvæði í framhaldinu svo að slíkt gerist ekki aftur, verktaki tekur undir og hefur farið yfir þetta með starfsmönnum sínum.

Verktaki upplýsir um að ekkert slys hafi átt sér stað frá síðasta verkfundi.

1.6 Upphaf og lok framkvæmda

Samningur um verkið var undirritaður 28.7.2017

Samningsupphæð er kr. 3.979.077.263,-

Fyrsta skóflustungan var tekin 21.8.2017.

1.7 Aðstaða og athafnasvæði verktaka

Vinnusvæðið er að hluta til í skólasvæði. Verktaki er búinn að fara í gegnum ýmis atriði sem varða öryggi með skólastjóra og húsverði. Aðgengi og öryggi þeirra sem koma að skólanum verður tryggt.

Unnið er jafnt og þétt í tiltekt á vinnusvæði, þ.e. fjarlægja dót og búnað sem ekki er þörf á lengur. Undirbúningur fyrir lóðarfrágang í gangi.

Búið er að fjarlægja 2stk gáma sem settir voru upp sem tímabundinn vindbrjótur við aðalinngang húsbyggingar C.



1.8 Veitustofnanir

Fjarskiptastrengir frá bæði Mílu og Gagnaveitu hafa verið tengdir og lagðir inn í nýbyggingu.

Gagnaveita hefur sett upp búnað sinn fyrir miðlæga dreifistöð, eftir stendur að tengja. Verktaki hefur unnið tengivinnu fyrir Gagnaveitu, verkþætti þar með lokið.

1.9 Samstarf við aðra

Eftirtaldir undirverktakar koma að verkinu:

Jarðvinna, Gröfumaðurinn ehf. Raflagnir, Rafís. Pípulagnir, Topplagnir. Blikksmiður, Blikksmiði. Dúkalagnir, Pons. Málningarvinna, Sigurður Breiðfjörð. Múrverk, TM-Bygg. Þakpappalögn, Helgason og Co hf. Gífsveggir, innréttingar, innihurðir og kerfisloft, Parketlausnir (Sævar Helgason). Plöntur í lóð, Jóhann Sigurðsson garðyrkjufraeðingur. Þökulagning, HO torf. Heflun undir malbik, Hefilverk. Malbikun, Hlaðbær - Colas. Gluggaísetningar, ÁP-verk ehf.

1.10 Vinnutími

Vinnutími verktaka er 7:30 - 18:00 virka daga. Almennt séð er ekki unnið um helgar, tilfallandi er að undirverktakar séu að störfum um helgar.

1.11 Verkáætlun

Formleg áfangaskil á áfanga nr.1 var 6. nóvember.

Verktaki hefur unnið að úrbótum til samræmis við eftirstöðvalista sem afhentur var með orðsendingu eftirlits nr. 002. Atriði sem sem lutu að almennum frágangi innanhúss er lokið að mestu leyti. Þó stendur eftir að ljúka við; masterskerfi innanhúss, hurðarísetningu, aðgangsstýringum og uppsetningu renniglerja í DJ-búr og skrifstofu ritara.

Til samræmis við orðsendingu eftirlits nr. 002 er óskað eftir því að verktaki listi upp þau atriði sem hann telur sig ekki ná að fullklára fyrir frest til úrbóta (18. febrúar 2019). Þar verði gerð grein fyrir hvaða atriði verði ekki fullklárað, ástæða þess og uppgæfin raunhæf dagsetning á hvenær umræddum atriðum verði lokið. Er þar sérstaklega vísað til aðgangsstýringa, glerjunar og úrbóta á hurðarhúnum/búnaði.

- **DJ-Búr og skrifstofu ritara:**

Gler er komið á verkstað og unnið er að uppsetningu þess í dag. Verktaki kláraði uppsetningu/ísetningu glerja í gær. Ekki er búið að taka út frágang, eftirlit og verktaki koma til með að skoða frágang í sameiningu og taka út.

ÍMM



- **Vindbrjótur/aðalinngangur:**

Búið að panta rennihurð sem verður skipt út fyrir núverandi útidyrhurð í húsbyggingu C. Ekki verður settur upp sérstakur vinbrjótur þar sem talið er að fullnægjandi sé að setja upp rennihurð í stað núverandi útidyrhurðar. Reiknað með 8-10 vikna afgreiðslufresti, horft er til þess að uppsetning á rennihurð eigi sér stað þegar skóli fer í sumarfrí.

- **Aðgangsstýringar:**

Eftir frekari upplýsingar, fundi og vettvangsferð þar sem farið var heildstætt yfir virkni þess kerfis sem verktaki hefur lagt til að nota á viðbótarhurðir, Salto Sarris, er útfærsla aðgangsstýringarkerfis samþykkt. Óskað er eftir því að verktaki setji upp kerfið heildstætt í húsbyggingu C og gangsetji, til prófunar. Þegar kerfi er uppsett og komið í virkni í húsbyggingu C verði það tekið út áður til að sannreyna að allt virki sem skyldi, áður en farið verði í uppsetningu kerfisins í síðari áföngum. Sannreyna þarf að hurðir aflæsisst við neyðarboð, t.a.m bruna. Undirbúningur er hafinn.

- **Masterskerfi í hurðir innanhúss:**

Verktaki hefur fengið afhent masterskerfi fyrir hurðar innanhúss. Unnið er að því að leysa úr samningsatriðum við erlenda birgja þannig að hægt sé að smíða lykla hérlandis. Áhersla verði lögð á að fá lausn í umrætt málefni eins fljótt og kostur er, verktaki upplýsi um þegar frekari upplýsingar fást hvað það varðar.

Masterskerfi er komið yfir til Véla og Verkfæra sem taka við kerfinu og sjá um að. Beðið er eftir samþykki á því Vélar og Verkfæri fái að taka yfir kerfið, verktaki upplýsir um þegar það liggur endanlega fyrir. Aðstoðarskólastjóri hefur fengið nýjan lykil sem gengir að skrifstofu skólastjóra.

Verktaki skoði hvort ekki séu Euro-sylendrar í öllum hurðum.

- **Hússtjórnarkerfi:**

Er komið í gangi að hluta til og húsvörður (ÆBE) hefur fengið hlutakennslu á kerfið. Efla verkfræðistofu vinnur að því að fullklára/forrita kerfið, ljósastryring er ekki virk eins og er. Ívar í samráði við rafvirkja kannar hvernig staðan er á forritun/fullnaðarfrágangi kerfisins.

ÆBE bendir á að hússtjórnarkerfi sé í raun og veru þrjú sjálfstæð kerfi. Verktaki mun skoða kröfur til hússtjórnarkerfis og hugsanlega möguleika þess að hússtjórnarkerfi sé keyrt í heild sinni á sama kerfinu/viðmótinu.

Búið er að tengja ljósastryringu inn á hússtjórnarkerfi og virkni í góðu lagi. Hita- og loftræsikerfi er ekki alveg fullunnið.

Verktaki vinnur að því að útvega sértæka tölvu sem upp verður sett í húsvarðarherbergi, hússtjórnarkerfi keyrt á þeirri tölvu.

ÍMM

ÍMM



- **Búnaður hurða:**

Búið er að vinna úrbætur á búnaði hurða, þ.e. skiptu um skrúfu í kólfi, fóðringar og annað tilheyrandi. Þá er búið að skipta út snerlum á salernum sem reynst hafa vel. Vandamál hefur komið upp með hurðarhúna á tveimur hurðum, skoða þarf hvort gleymst hafi að skipta um fóðringar í umræddum hurðum. Verktaki mun skoða og vinna úrbætur á.

1.12 Gæðamál og verklagslýsingar

Leki kom upp í lyftu og rafmagnsstokk. Finna þarf út hvaðan vatnið kemur og þetta. Svo virðist sem lekið hafi með lögnum inn í lyftu- og rafmagnsstokkinn. Búið er að þetta að innanverðu en grafa verður frá húsinu að utanverðu og skoða betur þegar farið verður að helluleggja. Ekki hefur orðið vart við leka aftur. Fylgst verður með áfram og verður síðan skoðað betur þegar farið verður að huga að hellulögn.

1.13 Mannafli og tæki

Mannskapur og tæki verkstað á fundardegi:

Mannskapur	
Stjórnun	2
Húsasmiðir	8
Rafvirkjar	3
Píparar	3
Málarar	2
Blikksmiðir	2-3
Dúkarar	2
Verkamenn	2
Múrarar	2
Aðrir	0
Lóðarfrágangur	2
Samtals:	28-29

Tæki	
Trailer	0
Beltavél	1
Hjólavél	1
Cat	1
Samtals:	3

2 Verktakaverkið

2.1 Verkstaða - verkáætlun

Verktaki hefur upplýst að stefnt sé á að fullklára kennarastofu (í húsi D) fyrir en áætlað var og afhenda til afnota, stefnt að vormánuðum 2019.

Verkstaða verksins í heild sinni er í góðu horfi og skil á næsta áfanga verður samkvæmt áætlun. Hins vegar er verið að hægja á framkvæmdum til



samræmis við greiðsluáætlun þannig að lokaskil verða samkvæmt upphaflegri áætlun.

Uppsteypu í verkinu er lokið.

2.2 Hönnun - breytingar. Teikningar og önnur gögn

Komin er ósk um að auka gljástig málningar í 20%.

Setja þarf styrktardúk utan á gífsveggi í íverurými barna í leikskólanum. Skoða þarf hvar umrætt atriði er statt í ferlinu, stýttist í að uppsetning þurfi að hefjast. Horft er til þess að settur verður upp styrktardúk á gífsveggi á deildunum fjórum og miðjurými (fjölnotasalur). Eftirlit mun gera frekari grein fyrir því hvar óskað sé eftir því að setja upp umræddan styrktardúk, verktaki skoðar í framhaldinu og leggur fram kostnað vegna þessa sem tekin verður afstaða til.

HÁ

Verklýsingu frá arkitekt vantar enn, bæði fyrir frágang innan- og utanhúss. Ívar mun skoða og ýta á eftir að fullnaðargögn hvað það varðar berist verkkaupa. Eftirlit ítrekar ósk um að fá afhenta endanlega/samþykkt verklýsingu arkitekta frá verktaka. Verktaki mun senda frá sér á næstu dögum. Er í ferli hjá verktaka verður gefið út á næstu dögum.

ÍMM

Lóðarteikning við leikskóla hefur verið uppfærð og útgefin. Í meginráttum hafa breytingar verið samþykktar, með smávægilegum athugasemdum sem gert var grein fyrir í tölvupósti. Athugasemdir eru til frekari skoðunar hjá verktaka/ráðgjöfum. Unnið er að uppfærðri lóðarteikningu m.t.t. breyttra útfærslu á flóttastiga.

2.3 Rannsóknir og prófanir

Verktaki notast við hugbúnaðinn Ajur við innra eftirlit sitt. Verktaki kemur til með að veita eftirliti aðgang. Verktaki hefur veitt eftirlitsaðilum aðgang.

2.4 Efnisútvegum og samþykktir

Efnissamþykktir eru í gangi og er haldið utan um framgang þeirra í excelskjali sem vistað er í Dropboxi verksins.

Verktaki staðfestir að það efni sem hann leggur til samþykkar er yfirfarið og samþykkt af hönnuðum hússins.

Frekari verklýsingar verkþátta hefur verið ábótavant á einhverjum sviðum, þá sérstaklega frá arkitektum (frágangur innan- og utanhúss). Fyrir liggja verklýsingar rafkerfa, lagna og loftræsingar. Þetta hefur verið til umræðu áður og var tekið fyrir á síðasta stöðufundi sömuleiðis.

Brýnt er fyrir verktaka að ganga eftir þessu við hönnuði, verklýsingar berist til verkkaupa til yfirferðar. Umræddar verklýsingar eru lykilþáttur og grundvöllur



við yfirferð eftirlits á efnissamþykktum. Verktaki mun fara yfir með ráðgjöfum og ganga eftir því að verklýsingar berist. Ó.br. frá síðasta fundi, eftirlit ítrekar.

ÍMM

Verktaki upplýsir um að það sé erfiðleikum bundið að útvega parket sem uppfyllir tilsettar hljóðkröfur í hljóðskýrslu. Verktaki hefur leitað til margra söluaðila sem upplýst hafa að ekki sé möguleiki að útvega gegnheilt niðurlímt parket með undirlagsdúk sem uppfyllir 25 dB hljóðkröfu, möguleiki sé að fá parket sem uppfyllir högghljóðeinangrun upp á 19 dB.

Verktaki mun skoða frekar og gera frekari grein fyrir. Skoða þarf hvort umrædd hljóðkrafa sé ofaukið.

3 Framvinda

3.1 Verkstaða - verkáætlun

Hús A:

Uppsetning utanhússklæðningar er lokið um 95%. Innanhúss er lokafrágangsfasi í gangi. Innihurðar eru komnar.

	1.hæð	2.hæð
Innveggir	100%	100%
Rafkerfi	95%	95%
Lagnir	95%	95%
Loftræsing	95%	95%
Kerfisloft	95%	95%
Dúkalögn	80%	80%
Málun	Lokaumferð eftir	Lokaumferð eftir
Flisalögn	80%	-
Utanhússklæðning	95%	
Uppsetning Innréttingar	90%	100%

Hús B:

Unnið að uppsetningu utanhússklæðningar. Innanhúss er lokafrágangsfasi í gangi.

	1.hæð	2.hæð
Innveggir	100%	100%
Rafkerfi	90%	95%
Lagnir	90%	90%
Loftræsing	90%	95%
Kerfisloft	80%	75%
Dúkalögn	70%	85%
Málun	Lokaumferð eftir	Lokaumferð eftir



Hús C:

Utanhúss:

Uppsetningu utanhúsklæðningar er lokið að fullu.

Verktaki upplýsir að múrarameistari kemur til með að lagfæra sjónsteypusúlu á 2.hæð, yfirborð ekki ásættanlegt. Farið verður í úrbætur þegar veður leyfir.

Innanhúss:

Afgreiðsla/úrbætur á aðgangsstýringum, masterskerfi innanhúss og glerjunar í DJ-búri og afgreiðslu ritara er í ferli, s.br. bókun undir fundarlið nr. 1.11 - Verkáætlun.

Hús D:

Búið er að einangra útveggi og uppsetning undirkerfis utanhússklæðningar er lokið. Þakgluggi er kominn á verkstað (kom vitlaus og er á leiðinni á verkstað) og búið er að ganga frá þakfleti að fullu. Innanhúss eru léttir innveggir upp komnir og unnið hefur verið að pípulögnum og raflögnum á 1. og 2.hæð. Búið að þétta með gluggum. Búið að sparsla, grunna og mála eina umferð á skrifstofu kennara. Búið er að setja upp léttan vegg til afskermingar á kennarastofu. Í kennarastofu hefur verið unnið að uppsetningu loftræsisstokka og raflögnum, ídrætti strengja og búið að undirkerfi kerfislofta er langt komið. Búið er að sandsparsla 2.hæð.

	1.hæð	2.hæð
Innveggir	100%	100%
Rafkerfi	70%	70%
Lagnir	60%	60%
Loftræsing	40%	95%

Hús E :

Frágangi þakflatar er lokið að fullu. Ísetning glugga og hurða er lokið og búið er að flota báðar hæðir. Uppsetning léttra innveggja á 1. og 2.hæð er hafin. Búið að einfalda léttu innveggi á 1.hæð og langt komið á 2.hæð. Unnið er að ídrætti rafstrengja og lagnavinnu. Vinna við spörlsun og málun er hafin, einangrun útveggja er nánast lokið (90%).

Hús F:

Hús er uppsteypt að fullu, gustlokað og verið að kynda. Búið er að steinslípa stóran hluta að innan og gluggaísetning er lokið um 80%. Einangrun útveggja og múrviðgerðir er hafin. Undirbúningur fyrir pappalögn á þakflöt er hafinn, ekki búið að leggja. Verktaki hefur verið að þrýstiprófa/lekaprófa glugga.

Lóðarfrágangur:

IM talar við verkkaupa varðandi frágang vestan við leiksvæði.



Gróður: *Búið er að tyrfa gróðurbeð til bráðabirgðar, gróðursett verður í beðið næsta vor.*

Unnið að grófjöfnun á lóð í kringum A og B húshluta. Verið að undirvinna/efnisskipta undir malbik og hellulögn.

Áætlun næstu tvær vikur:

Hús A: Verktaki reiknar með að fara mjög langt með uppsetningu loftræsilagna, kerfislofta og flísalögn. Áfram unnið að uppsetningu hreinlætistækja og innréttinga, fer langt með að klára. Lokið verði við dúklögn. Hefja vinnu við ísetningu innihurða og höggdúk/styrktardúk á gifsveggjum leikskóla. Unnið í lokafrágangsfasa almennt. Unnið að ísetningu innihurða.

Hús B: Unnið verður að klæðningu utanhúss. Verktaki reiknar með að fara mjög langt með uppsetningu loftræsilagna, kerfislofta og flísalögn. Áfram unnið að uppsetningu hreinlætistækja og innréttinga, fer langt með að klára. Lokið verði við dúklögn. Hefja vinnu við ísetningu innihurða og höggdúk/styrktardúk á gifsveggjum leikskóla. Unnið í lokafrágangsfasa almennt. Unnið að ísetningu innihurða.

Hús C: Ekkert bókað.

Hús D: Unnið að fullnaðarfrágangi á kennarastofu; málningarvinna, uppsetning kerfislofta og loftræsing. Unnið verði að uppsetningu kerfisloftaplatna, ídrætti rafstrengi og flísalagt í anddyri.

Hús E: Unnið að uppsetningu léttra veggja á 1. og 2.hæð. Léttir veggir og rafmagn.

Hús F: Ljúka við gluggaísetningu.

Annað: Unnið verði við í stálsmiði stiga- og svalahandriða utanhúss og grófjöfnun lóðar og malbikun.

Stálstigi í húsbyggingu A kemur um miðjan maí.

3.2 Hönnun, breytingar. Teikningar og önnur gögn

Ekki berast formlegar tilkynningar frá verktaka þegar uppfærðum/nýjum verkeikningum er bætt inn á verkefnavef (dropbox). Eftirlit óskar eftir því að verktaki sendi tilkynningu í tölvupósti þegar verkeikningar eru uppfærðar, með teikningarskrá. Verktaki hefur sent tilkynningar með tölvupósti þegar nýjar teikningar eru útgefnar, líkt og rætt hefur verið um, heldur því áfram.



3.3 Rannsóknir og prófanir

Verktaki hefur unnið að því þrýstiprófa/lekaprófa glugga í húsbygging F.

Rætt um prófanir verktaka, t.a.m þrýstiprófanir lagna. Verktaki kemur til með að skoða og taka saman, í framhaldinu verði sett upp mappa á verkefnavef þar sem úttektarskýrslum er safnað saman og haldið utan um.

4 Önnur mál

4.1 Magntölur og reikningar

Rætt um magntölur sem sumar hverjar eru komnar yfir 100% í magntöluskrá. Magntöluskráin er aðeins vinnuplagg en er ekki ráðandi varðandi endanlegan kostnað. Það er tilboðsupphæð verktaka sem gildir þó greitt sé eftir magnskránni inn á verkið.

Verktaki og verkkaupi hafa fundað vegna greiðslutilhögunar og verkframvindu, ákveðið er að fylgja upphaflegri greiðsluáætlun.

Eftirtaldir reikningar hafa verið gerðir vegna verksins.

Drög að framvindureikningi nr. 21 er væntanlegur á næstu dögum.

Innb. Nr.	Dags	Vísitala reikn	Framvinda Kr.	Vísitala Kr.	Alls. m. verðb.	
1.	1.9.2017		20.428.635		20.428.635	
2.	1.10.2017	135,1	64.922.246	1.726.655	66.648.901	
3.	1.11.2017	135,8	97.194.869	3.101.964	100.296.833	
4.	1.12.2017	136,1	112.039.154	3.831.126	115.870.280	
5.	1.1.2018	136,5	106.852.143	3.978.537	110.830.680	
6.	1.2.2018	137	72.889.512	2.990.907	75.880.419	
7.	1.3.2018	136,9	123.708.353	4.982.175	128.690.529	
8.	1.4.2018	137	113.486.034	4.656.722	118.142.755	
9.	1.5.2018	137,4	205.809.708	9.070.641	214.880.349	
10	1.6.2018	139,1	160.952.927	9.172.849	170.125.776	
11	1.7.2018	139,2	247.271.257	14.280.103	261.551.360	
12	1.8.2018	139,9	288.891.031	18.220.331	307.111.362	
13	1.9.2018	139,9	241.537.100	15.233.723	256.770.823	
14	1.10.2018	140,2	154.397.832	10.089.828	164.487.660	
15	1.11.2018	141	148.489.713	10.606.408	159.096.121	
16	1.12.2018	141,6	157.301.987	11.953.039	169.255.025	
17	10.01.2019	142,1	74.446.964	5.939.917	80.386.881	



18	01.02.2019	142,1	80.153.734	6.395.245	86.548.978	
19	01.03.2019	142,2	73.520.225	6.033.575	79.553.800	
20	01.04.2019	142,4	88.369.684	7.252.223	95.621.907	
Alls			2.632.663.108	149.515.968	2.782.179.073	

4.2 Auka- og viðbótarverk

Verktaki vekur athygli á tenging göngustíga við göngustíga á bæjarlandi hafi verið aukaverk. Verktaki taki saman umfang og geri grein fyrir, aukaverk verði á sérreikningi. Búið er að senda samantekt á Stefán og Ingibjörgu. Fundur hefur verið haldinn vegna hljóðkerfis. Búið er að fara yfir tillögu verktaka að hljóðkerfi í matsal og samþykkja, s.br. orðsendingu eftirlits nr. 003. Verktaki hefur sent athugasemd við þessa orðsendingu.

AV nr. 13:

S.kv. verktaka eru hátalarar sem eru komnir upp í sal að uppfylla kröfur forsagnar.

Verkkaupi sér ekki ástæðu til að bæta í og óskar eftir því að verktaki gefi tilboð í magnara sem hentar þeim hátölurum sem komnir eru upp. Ekki verði farið í aukningu hátalara með viðeigandi magnarakerfi s.br. AV 013. Ó.br. frá síðasta fundi.

Fundur um aukaverk var haldinn milli VSB og verktaka. VSB mun funda með eftirliti í framhaldi til að fara yfir þessi aukaverk. Afgreiðsla aukaverka er í ferli.

Rætt hefur verið um sólbekki í glugga undanfarið. Eftirlit hefur tekið saman magntölur vegna þessa. Óskað hefur verið eftir því að verktaki skoði útfærslu, leggi til og tilgreini um kostnað vegna þessa, einingaverð. Tekin verður afstaða til þess í framhaldinu og ákvörðun tekin um umfang (hversu víða sólbekkir verða upp settir). Verktaki á von á aðila síðar í þessari viku, að máltaka glugga vegna sólbekkja. Þegar frekari upplýsingar og verðtilboð liggur fyrir mun verktaki gera grein fyrir því við eftirlit, sem tekur afstöðu til.

Verktaki er að taka saman gögn varðandi aukavinnu sem unnin var fyrir Gagnaveitu vegna þessa, mun senda gögn á eftirlit. Skoða hver greiðir fyrir umrætt aukaverk, Gagnaveita eða Hafnarfjarðarbær. Verktaki hefur tekið saman og sent upplýsingar vegna aukaverks á eftirlit til yfirferðar.

4.3 Kröfur

Ekkert bókað.

ÍMM



4.4

Ýmis önnur mál

IM ætlar að athuga merkingar á stofum. Liggur fyrir að merkingar á stofum taki mið af hverri húsbyggingu fyrir sig, t.a.m húsbygging A (1.hæð) - A 101 og húsbygging A (2.hæð) - A 201. Skoða þarf hvort verktaki eigi að útvega og setja upp merkingar á skólastofum. Það er á hendi verktaka að útvega merkingar á skólastofum og setja upp. Arkitekt vinnur að tillögu sem borin verður undir verkkaupa/skólastjórnendur áður en farið verður í uppsetningu.

Athugasemdir hafa verið gerðar við lýsingu lóðar, á leiksvæði. Óskað hefur verið eftir því að verktaki endurskoði með ráðgjöfum. Lýsing á leiksvæði er ekki talin fullnægjandi. Ó.br. frá síðasta verkfundi. Búið er að bæta lýsingu við leiksvæði. Búið er að uppfæra teikningu og fyrirhugað er að bæta lýsingu á lóð enn frekar.

Verktaki hefur sent athugasemdir við úttektarskýrslu á lóð á heilbrigðiseftirlits. Heilbrigðiseftirlit þótti skýringar/athugasemdir verktaka ekki fullnægjandi og óskaði eftir frekari upplýsingum frá verktaka.

Ingibjörg kemur til með að upplýsa Ívar um fyrri samskipti hvað þetta varðar, Ívar mun skoða frekar og fylgja eftir.

Verktaki sér fyrir sér að boða heilbrigðiseftirlit, birgja og skólastjórnendur á fund þar sem farið verði yfir útistandandi mál og leyst endanlega. Verktaki hefur reynt að setja á fund með heilbrigðiseftirlitnu undandarið, það hefur gengið erfiðlega að fá fulltrúa heilbrigðiseftirlits til fundar til að fara yfir umrætt málefni.

Í skólastofu á 1.hæð (sem liggur að húsbyggingu D) hafa komið í ljós rakaskemmdir ofan við flóttahurð. Verktaki skoði og vinni úrbætur á. Sömuleiðis sprungu í steiptum vegg sem snýr að húsbyggingu D, í sömu stofu.

Verktaki mun vinna úrbætur á og lagfæra.

Rætt um tölvuborð í tölvustofum, þ.e.a.s á hver á útvega þau. Virðist sem það sé á hendi verktaka, eftirlit mun skoða frekar.

Skóhilla í húsbyggingu C hrundi niður á dögnum, festing hennar og frágangur virðist ekki hafa verið ásættanleg. Verktaki mun skoða og vinna úrbætur á. Ó.br. frá síðasta verkfundi.

Rætt um eftirlitsmyndavélar og breytingar sem gerðar voru á efnisvali sem ekki fór rétta boðleið við ákvarðanatöku. Verktaki er nú þegar búinn að setja upp 3 myndavélar og hefur stoppað uppsetningu. Örn mun skoða umrætt málefni frekar og upplýsa um. Er í ferli hjá verkkaupa, verktaki verður upplýstur um niðurstöðu þegar hún liggur fyrir.

ÍMM

HÁ

ÍMM

ÖG



Verktaki vinnur að því að útfæra neyðarkallkerfi. Skoða þarf hvert boð frá neyðarkallkerfi frá söfnunarstað á að berast. Verktaki kemur til með að taka saman og senda eftirliti upplýsingar um neyðarkallkerfi til yfirferðar.

Skólastjórnendur upplýsa um að eldvarnarúttekt hafi farið fram í gær, þar sem fram komu nokkrar ábendingar/athugasemdir. Óskað eftir því að úttektarskýrsla verði áframsend á eftirlit til upplýsinga, farið verði yfir athugasemdir sem fram koma í skýrslu í framhaldinu. Skýrsla liggur ekki fyrir.

Borið hefur á athugasemdum frá bílstjórum skólabíla, þ.e. þeim sem aka um á stærri rútum. Það er þeim erfiðleikum bundið að komast að skólasvæði á stærstu rútunum, keyra upp á umferðaeýjur og skemmdir hljóta af. Skoða þarf hvort að hönnun hafi gert ráð fyrir að slík ökutæki kæmust að með góðu móti, ef svo er þarf að skoða og finna lausnir/úrbætur á þannig að akstursleið sé greiðfær. Í frekari skoðun hjá verktaka.

4.5 Næsti verkfundur

Næsti verkfundur verður miðvikudaginn 8. maí, kl. 14:00, á verkstað.

f.h.
eftirlits

Umsjónarmaður

f.h.
verkkaupa

Fulltrúi verkkaupa

Staðfesting á samþykki fundargerðar:

Fyrir verktaka: _____ Dags: _____